



Jafnréttisstofa

Félagsmálaráðuneytið
Skrifstofa vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Akureyri, 07.10.2020

Efni: Drög að nýjum heildarlögum um fæðingar- og foreldraorlof, mál nr. 195/2020, 151. löggjafarþing

Jafnréttisstofa fagnar framkomnu frumvarpi og telur það framfaraskref í jafnréttismálum. Stofan vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

7. gr. -réttur foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingarorlofs


Jafnréttisstofa fagnar því að foreldrar skuli eiga sex mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framselja megi einn mánuð á milli foreldra. Samkvæmt 2. gr. er markmið laganna að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera þeim kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þessum markmiðum er best náð ef að hvort foreldri um sig á sjálfstæðan rétt til tóku fæðingarorlofs.

Stytting tímabils tóku fæðingarorlofs úr 24 mánuðum í 18 mánuði

Í greininni er lögð til sú breyting að það tímabil sem foreldrar hafa til tóku fæðingarorlofs er stytt úr 24 mánuðum í 18 mánuði. Fram kemur í skilabréfi *samstarfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 95/2000, um fæðingar og foreldraorlof* að þessi breyting sé lögð til með það að markmiði að foreldrar nýti orlofið fyrstu mánuði í lífi barns þegar það þarf á mikilli umönnun að halda. Jafnréttisstofa vekur athygli á nauðsyn þess að dagvistun barna sé tryggð að loknu fæðingar- og foreldraorlofi.

Lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019

Jafnréttisstofa vill vekja athygli á ákvæðum laga um kynrænt sjálfræði og hvetja til þess að í frumvarpinu verði með skýrum hætti tekið á réttarstöðu þeirra einstaklinga sem eru með kynhlutlausa skráningu.



Jón Fannar Kolbeinsson